



Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1634

Fimmtudagur 9. desember 2021 / kl. 15.00 / ÍSÍ Laugardalur

- Efni fundarins:** Annar stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023.
Fundarstjóri: Jón Viðar Þorvaldsson (framkvæmdastjóri).
Fundarritari: Hugrún Elvarsdóttir.
Pátttakendur: Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Hugrún Elvarsdóttir ritari, Jón Egill Sveinsson varaformaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Einar Ólafsson formaður skíðagöngunefndar og Friðbjörn Benediktsson formaður snjóbrettaneftndar.
- Fjarverandi:** Enginn.

Fundur settur kl. 15.10

Fundardagskrá:

1. Síðasta fundargerð.
2. Fundardagskrá yfir veturinn.
3. Starfsemi frá síðasta fundi og hvað er framundan.
4. Íþróttafólk ársins.
5. Mótakerfi.
6. Önnur mál.

Fundargerð

1. **Síðasta fundargerð.**
 - Samþykkt samhljóða og fundargerð gerð opinber á vef SKÍ: [Fundargerðir stjórnar | Skíðasamband Íslands \(ski.is\)](https://www.ski.is).
2. **Fundardagskrá yfir veturinn.**
 - Jón Viðar leggur til að stjórnarmeðlimir sækji SMÍ á Ólafsfirði og Dalvík.

- Umræða um Skíðaþing FIS sem verður haldið í Portúgal 22-28. maí 2022.
- Umræða tekin um umsókn SKÍ um að halda næsta Skíðaðing FIS árið 2024.

3. Starfsemi frá síðasta fundi og hvað er framundan, Jón Viðar fer yfir.

- **Lowlanders.**
 - Jón Viðar og Dagbjartur, afrekssjóri SKÍ, fóru til Kaupmannahafnar þar sem þeir funduðu með aðilum frá belgíska og danska sambandinu vegna Lowlanders alpagreinaliðsins.
 - Sigurður, formaður alpagreinaneftdar, er búinn að sækjast eftir því að fara út í viku með Lowlanders til þess að fylgjast með æfingum og hvernig hlutum er háttað.
- **Hæfileikamótun í fullum gangi í öllum greinum.**
 - Í október fór alpagreinahópur út og skíðagangan fer út um áramótin.
 - Alpagreinaæfing fór fram síðustu helgi á Sauðárkróki / Tindastól.
 - Æfingahelgi í snjóbrettum fyrir jól á Akureyri. Verið að skoða helgi erlendis fyrir snjóbretta hópinn.
 - Stefnt er að því að fara í eina ferð erlendis í hverri grein á hverju ári – alpagreina, skíðagöngu og snjóbretta.
 - Bæta þarf úr samskiptum við forráðamenn o.fl., vera betur undirbúin með nauðsynlegar upplýsingar.
 - Sigurður tekur fram að það væri gott að geta kynnt dagskána fyrir hæfileikamótunina á mótum í vetur og Jón Viðar tekur undir þá tillögu. Líka mikilvægt að vera klár með þjálfarateymin og þá auðveldara að nálgast fólk um að fara út í ferðir (mikilvægt að hafa bæði kk og kvk í ferðum).
- **Landsliðsfólk byrjað að keppa í öllum greinum.**
 - Sótt um í afrekssjóð ÍSÍ. Fengum 40 milljónir fyrir árið 2021 og við munum reyna að halda dampi þar.
 - 2022 Ólympíuár – ÍSÍ borgar Ólympíuleikana nema starfsmannakostnað þeirra sem fara með.
 - Umsókn í afrekssjóð fyrir 2022.
- **Uppfærsla á heimasíðu, mótakerfi og vinnsla að nýjum póstlista.**

- Ætlum að taka upp póstlistakerfi sem verður opið öllum á heimasíðu SKÍ. Hægt að skrá sig og afskrá sig þar.
- Hugrún, ritari, stingur upp á því að kíkja á kerfið Klaviyo og að reyna að virkja fyrrverandi iðkendur í gegnum þennan póstlista, fá þá til að skrá sig og þá hægt að sækja í þann hóp af fólki fyrir sjálfboðavinnu á mótum o.fl. ef áhugi er fyrir því.
- **Formannafundur ÍSÍ – fjarfundur.**
 - 8. desember. Nýr ráðherra var á fundinum – Ásmundur Einar.
 - Hélt ræðu.
 - Talaði mikið um uppbyggingu á íþróttamannvirkjum, þjóðarleikvöngum o.fl.
 - Hætta með alla starfshópana og fara gera eitthvað af viti.
 - Framlag ríkisins í afrekssjóð er það sem snertir okkur mest.
- **Styrkur frá IBU til búnaðarkaupa.**
 - Fengum styrk frá IBU, skíðaskotfimisambandinu, til búnaðarkaupa, 700.000 kr.- Grunnstyrkur sem maður fær fyrir að vera partur í sambandinu en við gengum inn í sambandið í fyrra.
 - Fengum 1,5 milljón í styrk aukalega frá IBU en þurfum að leggja 1,5 á móti.
 - Búið að kaupa skotmörk og skíðaskotfimiþyssur.
 - FIS, IBU, World Snowboard Federation – SKÍ er hluti af þessum þremur stóru alþjóðasamtökum.
 - Ekki bara skíðaskotfimi heldur líka sund og hlaup o.fl.
 - Gæti þetta verið tækifæri fyrir sumaríþróttastarf?
- **Framundan**
 - Námskeið, ÓL í febrúar, EYOF í mars, HM unglínga í febrúar/mars, mót á Íslandi o.fl.
 - Námskeið fyrir framtíðar skíðagönguþjálfara – 15-20 skráningar nú þegar komnar.
 - Þjálfaranámskeið, þjálfari 1 og þjálfari 2.
 - Sigurður leggur til að ef Haukur Bjarna kemur á landsmót þá væri gaman að fá hann til að halda námskeið ef hann hefur tíma.

4. Íþróttafólk ársins, Jón Viðar fer fyrir.

Farið ítarlega yfir gengi hvers og eins keppanda fyrir sig á liðnu ári, mót, sæti, heildar % á listum, mun á milli greina, fjölda iðkenda í hverri grein o.fl. Sjö aðilar sem sátu fundinn og greiddu atkvæði fyrir tilnefningar til íþróttamanns og konu ársins frá SKÍ.

- **Íþróttamaður ársins**
 - Baldur Vilhelmsson – Snjóbretti.
 - 2 atkvæði.
 - Snorri Einarsson – Skíðaganga.
 - **3 atkvæði.**
 - Sturla Snær- Alpagreinar.
 - 2 atkvæði.
- **Íþróttakona ársins**
 - Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir – Alpagreinar.
 - **7 atkvæði.**
 - Gígja Björns - Skíðaganga.
 - 0 atkvæði.
 - Vildís Edwinsdóttir – Snjóbretti.
 - 0 atkvæði.

Niðurstaða: Snorri Einarsson íþróttamaður ársins og Hólmfríður Dóra íþróttakona ársins.

5. Mótakerfi, Jón Viðar fer yfir.

- Fyrir 5 árum síðan skrifuðum við undir samning við sænska skíðasambandið sem hafði hannað sitt eigið mótakerfi. Kerfið og samstarfið hentaði SKÍ ekki og því var ákveðið að leita nýrra leiða.
- Í framhaldinu var ákveðið að semja við Ingvar hjá hjólreiðasambandinu en Bjarni, Jón Viðar og Fjalar, sem sér um hæfileikamótun alpagreina, tóku þessa ákvörðun. Fengu kerfið á góðu og sanngjörnu verði.
 - Bílaklúbburinn og hjólreiðasambandið farin af stað með þetta kerfi og það hefur gengið vel.
- **Hvað á kerfið að gera?**
 - Hvað viljum við sjá í svona kerfi, hver eru forgangsattriðin?

- **Viðburðardagatal**

- Öll mót koma hér undir.

- **Skráning í mót**

- Tvíþætt skráning í boði
 - Einstaklings.
 - Þjálfaraskráning, geta líka skráð aðra.

- **Bikarmótin**

- Sjálfvirkur útreikningur á bikarstigum.

- **Greiðsla**

- Kemur ekki inn til að byrja með. Ætlum fyrst að koma kerfinu í upp og síðan í kjölfarið munum við setja upp greiðslumöguleika.

- **Purfum að ná að tengja saman kennitölu og FIS númer.**

Undir 13 ára eru ekki með FIS númer. Eldri krakkarnir með FIS númer.

- Gísli Reynis kemur með hugmynd að vera með okkar **eigin SKÍ númer** svo það þurfi ekki að tengja kennitölu og FIS númer.

- Jón Viðar ætlar að skipta bakendanum upp í tvo heima – almenningsheimur og keppnisheimur.

- Skíði og hjólreiðar eiga í raun mikla samleið þegar kemur að tímatöku o.fl. þáttum. Þetta kerfi verður bylting fyrir hreyfinguna.
- Fyrsta mót 15. janúar svo kerfið verður vonandi tilbúið fyrir þann tíma.

6. Önnur mál

- Ekkert tekið fyrir undir önnur mál.

Næsti fundur

- Ákveðið var að hittast á ný á rafrænum fundi þann 20. janúar, fimmtudag.

Fundi slitið kl. 17.12

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð